



## Þundargerð hverfisráðs Norðurþings 24.04.2018

Formaður setti fund kl 20.00 og bauð velkomin þau Hilmar Kára og Aðalheiði til fundar. Varamenn náu sér ekki fært að vera með í kvöld. Fundurinn er boðaður almennt íbúum í hverfinu frá kl 20.45.

### 1. Nýr varamaður í hverfisráði.

Fundurinn samþykkir að Guðrún Sædís Harðardóttir Skarðaborg komi inn sem annar varamaður í Hverfisráðið og bjóðum við hana velkomna til starfa.

### 2. Sameiginlegur fundur hverfisráða 21. Mars 2018.

Fundarmenn voru ánægðir með sameiginlegan fund hverfisráða og þótti miður að geta ekki sent fulltrúa á íbúafund á Rauðarhöfn sem haldinn í byrjun apríl.

### 3. Framtíð Heiðarbæjar.

Borist hefur erindi frá Byggðaráði Norðurþings vegna Heiðarbæjar þar sem fram kemur að aðili hefur gefið sig fram sem vill skoða kaup á húseigninni Heiðarbæ.

Fundarmenn ræddu hugmyndafræðina á bak við kaup á eigninni og hvernig reksturinn yrði til framtíðar. Fram kom að hugmyndin er ekki sú að breyta verulega rekstrarfyrirkomulagi, heldur tryggja það að þessum eignum verði viðhaldið sómasamlega og reksturinn verði áfram samfélagini til hagsbóta. Staðurinn býður upp á sérlega margt, bæði í tengslum við veitingasölu og afþreyingu.

Þorgrímur kom inn á fundinn til að skýra frá einstaka atriðum varðandi rekstur Heiðarbæjar.

### 4. Opinn fundur um framtíð Heiðarbæjar kl. 20.48-. 23 íbúar auk hverfisráðs komu til fundar.

Formaður ráðsins kynnti lauslega störf hverfisráðs fram til þessa og síðan tilurð þessa fundarboðs, framtíð Heiðarbæjar og hvort íbúar sæju einhverja meinbugi á sölu hússins.

Rætt um eignaraðild að húsinu, hvort það hafi verið auglýst til sölu og hvernig þeim málum yrði mögulega háttað. Miklar vangaveltur um afleiðingar þess ef kæmi til sölu, m.a. varðandi rétt íbúa til aðgangs að félagsheimili. Rætt um rekstrarkostnað og hvernig fjármögnun á viðhaldi eigna hefði átt sér stað undanfarin ár.

Hilmar lýsti því að það væru þau Karen sem séu að spá í þessa fjárfestingu. Og að meginmarkmiðið er að halda þessum stað sem minnst breyttum og í þágu íbúa hverfisins.

Umræður héldu áfram um hvort menn vilji eða vilji ekki selja. Fundurinn telur mikilvægt að skoða að halda salnum í Heiðarbæ undanskylendum í sölunni til að tryggja íbúum aðgang að honum.

**Ályktun fundarins:** Grundvallaratriði er að íbúar Reykjahverfis hafi aðgang að sal og félagsaðstöðu í Heiðarbæ. Eignaraðild verði annað hvort á hendi núverandi eigenda eða einstaklings eða lögaðila sem hafi lögheimili í Reykjahverfi. Fundurinn fer fram á að sveitarfélagið Norðurþing hafi samráð við íbúa um framgang þessa máls og tryggi hagsmuni þeirra er varðar félagsaðstöðu hér í Reykjahverfi.

Þessi ályktun samþykkt með meginþorra atkvæða.

Önnur mál:

Spurt um hitaveitumál, fátt að fréttu, en komið þó á fjárhagsáætlun. Málið komið í ferli. Farið yfir stöðu mála varðandi heimreiðar, snjómokstur og umferðaröryggismál, hraðalækkandi aðgerðir og fleira.

Fundi slitið kl 22.10.

Maria Svartbjörn Jónsdóttir  
Aðalheiður Þorgrimsdóttir  
Hilmar Kári Þorlaksson